

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 26. fundar
Reykjavík 16. nóvember 2012

Föstudaginn 16. nóvember 2012 var haldinn tuttugasti og sjötti fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Jón Gnarr	Reykjavík
Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Erling Ásgeirsson	Garðabæ
Guðrún Á. Guðmundsdóttir	Hafnarfirði
Hallgrímur Hallgrímsson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Herdís Sigurjónsdóttir	Mosfellsbæ
Snorri Finnbogason	Álftanesi
Kristinn Guðlaugsson	Álftanesi
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Stefán Einarsson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Áheyrnarfulltrúi var Borgþór Hjörvarsson frá björgunarsveitum á höfuðborgarsvæðinu.

Fundinn sátu einnig þeir Birgir Finnsson, Brynjar Þór Friðriksson og Margrét María Leifsdóttir öll frá SHS, Egill Bjarnason frá LRH og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg.

Fundarstjóri: Jón Gnarr

Fundarritari: Birgir Finnsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð síðasta fundar..

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 25. fundar almannavarnanefndar 27. apríl 2012.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir

2. Áhættuskoðun almannavarna

Margrét María frá SHS kynnti stöðu áhættuskoðunar almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, helstu niðurstöður og hvað væri búið að vinna í frá því hún var fyrst kynnt. Umræður um sjávarflóð og áhættumat gagnvart þeim og þá samstarf við aðra aðila s.s. Veðurstofu Íslands og Siglingastofnun. Formaður kom inn á þá áhættu sem hann telur sé með komu erlendra herskipa og herflugvéla.

Afgreiðsla: Samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun á áhættuskoðuninni og að unnið verði að frekari samræmingu á skoðunum á milli sveitarfélaga.

3. Hjálparlið almannavarna, nýir samningar

Á síðasta fundi nefndarinnar voru kynntir heildarsamningar embættis ríkislögreglustjóra um hjálparlið almannavarna. Í þeim samningum komi fram að ríkislögreglustjóri eigi að beita sér fyrir gerð slíkra samninga í héraði. AHS fól Birgi Finnssyni frá SHS að sitja í ritnefnd vegna samninga á höfuðborgarsvæðinu, en auk hans voru fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgar-

svæðinu og fulltrúar RKÍ og Björgunarsveit á svæðinu. Samningar voru gerðir og undirritaðir af formanni almannavarnanefndar á ráðstefnunni Björgun þann 19.10.12 með fyrirvara um samþykki almannavarnanefndarinnar. Samningarnir lagðir fram til samþykktar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samkomulag um hjálparlið almannavarna á höfuðborgarsvæðinu – almannavarnanefnd og lögreglustjórinn við hjálparlið Slysavarnafélagsins, Landsbjargar. Dags. 19.10.12
- Samkomulag um hjálparlið almannavarna á höfuðborgarsvæðinu – almannavarnanefnd og lögreglustjórinn við hjálparlið Rauða Krossins. Dags. 19.10.12

Afgreiðsla: Samningarnir samþykktir.

4. Bréf frá björgunarsveitum á svæði 1

Lagt fram bréf frá björgunarsvæðum á svæði 1 um gerð umdæmissamninga um hjálparlið almannavarna á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá Björgunarsveitum á svæði 1; Gerð umdæmissamninga. Dags. 20.08.12

Afgreiðsla: Samningar hafa verið gerðir og samþykktir af nefndinni.

5. Flugslysaæfing á Reykjavíkflugvelli

Birgir Finnsson fór yfir flugslysaæfingu sem haldin var laugardaginn 6. október. Nokkrir fulltrúar í almannavarnanefnd fylgdust með æfingunni og voru mjög ánægðir með kynningu ÍSAVIA á öllum þáttum æfingarinnar. Fram kom ánægja með æfinguna og samstarfið frá fullrúum þeirra sem tóku þátt í æfingunni. Umræða um þjálfun og æfingar m.a. í tengslum við liði 3. og 4. á fundinum, þ.e. samstarfi allra og ekki síst að fara yfir hlutverk AHS.

Afgreiðsla: Æfingin, fyrirkomulag og niðurstöður, verða kynnt nánar þegar skýrsla um hana liggur fyrir.

6. Aðsetur aðgerðarstjórnar höfuðborgarsvæðisins

Birgir Finnsson fór yfir hugmyndir sem hafa verið uppi í nokkur ár um að aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins og samhæfingarstöð ríkislögreglustjóra gerðu með sér samning um samstarf, sameiningu og/eða annað form um starfið í stjórnstöðvum, þannig að ekki þyrfti að manna og reka tvær stjórnstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða embættis ríkislögreglustjóra barst með tölvupósti þann 2. október s.l. en það er mat þess að þetta tvennt gangi ekki saman.

Í starfsáætlun AHS 2010 til 2012 segir; “Lagt er til að almannavarnanefndin feli lögreglustjóra og framkvæmdastjóra nefndarinnar að ræða við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra um að samhæfa og/eða sameina aðgerðastjórn AHS og Samhæfingarstöðina (SST). Sú vinna þarf að tengjast vinnu við heildarskipulag viðbragðs sem gert er ráð fyrir að fari fram á starfssvæði AHS. Ef þessar viðræður skila ekki árangri verður almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins koma sér upp eigin stjórnstöð í húsnæði slökkviliðsins í Skógarhlíð.”

Eftirfarandi lagt fram:

- Tölvupóstur, svar ríkislögreglustjóra við samstarf vegna aðstöðu aðgerðastjórnar og samhæfingar- og stjórnstöð ríkislögreglustjóra. Dags. 02.10.12

Afgreiðsla: Vonbrigði að þetta skuli vera niðurstaðan. Samþykkt að framkvæmdarstjóri/slökkviliðsstjóri og lögreglustjóri skoði hvaða kostir eru í stöðunni og þá í takt við starfsáætlun AHS.

7. **Ofsaveður 2. til 3. nóvember s.l.**

Rætt um óveðrið sem gekk yfir höfuðborgarsvæðið 2. og 3. nóvember s.l. og þær afleiðingar sem það hafði. Mikið álag var á viðbragðsaðila og höfðu þeir ekki undan að sinna aðstoðarbeiðnum. Rafmagnslaust varð í Mosfellsbæ og var það meira vandamál þar en sjálft veðrið m.a. þar sem skólar voru án rafmagns og símar, tölvur og ýmis samskiptatæki virkuðu ekki. Fram kom ánægja með virkjun og virkni verklagsreglna um “röskun á skólasterfi”

Afgreiðsla: Kynning. Skoða þarf þetta í tengslum við gerð nýs áhættumat.

8. **Önnur mál**

Fulltrúar Álftanes þökkðu fyrir samstarfið í almannavarnanefndarinnar, en búið er að samþykkja sameiningu Álftanes og Garðabæjar.

Ekki hefur verið kosin varaformaður og þarf að gera það á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 09:15

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fylgiskjöl:

- Fundargerð 25. fundar almannavarnanefndar 27. apríl 2012.
- Samkomulag um hjálparlið almannavarna á höfuðborgarsvæðinu – almannavarnanefnd og lögreglustjórinn við hjálparlið Slysavarnafélagsins, Landsbjargar. Dags. 19.10.12
- Samkomulag um hjálparlið almannavarna á höfuðborgarsvæðinu – almannavarnanefnd og lögreglustjórinn við hjálparlið Rauða Krossins. Dags. 19.10.12
- Bréf frá Björgunarsveitum á svæði 1; Gerð umdæmissamninga, dags. 20.08.12
- Tölvupóstur, svar ríkislögreglustjóra við samstarf vegna aðstöðu aðgerðastjórnar og samhæfingar- og stjórnstöð ríkislögreglustjóra. Dags. 02.10.12